Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 17. maí 2021
2104171/610.00 AKG

Efni: Hamraborg 4/Gerðarsafn, Kaffismiðja Íslands ehf. Umsögn vegna nýs rekstrarleyfis fyrir veitingastað.

Með bréfi, dags. 8. apríl 2021, óskaði Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu eftir umsögn Kópavogsbæjar um umsókn Kaffismiðju Íslands ehf., kt. 500708-0690, um nýtt rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, að Hamraborg 4, 200 Kópavogi, skv. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. gr. rgl. nr. 1277/2016.

Samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 staðfestir sveitarstjórn, sem umsagnaraðili, að staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Um afgreiðslutíma áfengis vísast til lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015. Er um að ræða rekstur kaffihúss að Hamraborg 4 á svæði sem er skilgreint miðsvæði skv. aðalskipulagi.

Staðsetning er í samræmi við gildandi skipulag og opnunartími er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 25. gr. lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015. Rekstrarleyfið samrýmist því skipulagi á umsóttu svæði.

Með tilliti til alls framanritaðs mælir undirrituð með að veitt verði jákvæð umsögn.

Virðingarfyllst,

Anna Kristín G.
f.h. lögfræðideildar Kópavogs
Anna Kristín Guðmundsdóttir
lögfræðingur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026